

Sp. 5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um rétt heimavinnandi til lífeyris, gagnkvæman makalífeyri og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson, Karvel Pálmason, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason, Karl St. Guðnason.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að beita sér fyrir því í samráði við lífeyrissjóðina, að nú þegar verði komið á samræmdum ákvæðum allra lífeyrissjóða um eftirfarandi þætti í starfsemi þeirra:

1. Makalífeyrir verði gagnkvæmur hjá lífeyrissjóðunum, þannig að bæði kynin njóti sambærilegra réttinda til makalífeyris eftir því sem reglur lífeyrissjóðanna kveða á um.
2. Áunnin stig hjóna eða sambúðarfólks verði lögð saman og skipt til helminga á sérreikninga þeirra fyrir þann tíma sem sambúð varir. Sérhver aðili fái þannig greiddan lífeyri í samræmi við áunnin stig. Þeir, sem eru heimavinnandi og fráskildir, fari ekki varhluta af áunnum lífeyri.
3. Upplýsingaskyldu lífeyrissjóða gagnvart sjóðfélögum á þann hátt að sérhver sjóðfélagi fái árlega sent yfirlit yfir áunnin réttindi hjá lífeyrissjóðunum.

Greinargerð.

Þótt segja megi að ýmsir áfangar hafi náðst á undanförunum árum í lífeyrisréttindamálum, þá er ekki fyrirsjáanlegt samfelld lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn eða samstaða um viðunandi framtíðarskipan lífeyrismála.

Lífeyrissjóðsmálin hafa mörg undanfarin ár verið í deiglu hjá verkalyðshreyfingunni, á Alþingi og víðar og er það í raun óviðunandi ástand að ekki hafi enn fengist nein niðurstaða um framtíðarskipan lífeyrismála, svo ítarlega athugun og umfjöllun sem þetta mál hefur fengið, en frá 1976 hefur verið starfandi endurskoðunarnefnd lífeyriskerfisins sem fjármálaráðuneytið skipaði.

Á 103. löggjafarþingi 1980 lögðu nokkrir þingmenn Alþýðuflokksins fram tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan lífeyrissjóðsmála. Meginefni þeirrar tillögu var að komið yrði á samfelldu lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn og gerð yrði grundvallarbreyting á lífeyrisréttindakerfi þjóðarinnar í því skyni að tryggja öllum sambærileg réttindi og viðunandi afkomuöryggi að lokinni starfsævi. Í þeirri tillögu voru lagðar fram grundvallarhugmyndir í 10 liðum um framtíðarskipan lífeyrismála.

Þess má einnig geta að Guðmundur H. Garðarsson og fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt frumvarp á nokkrum þingum um Lífeyrissjóð Íslands.

Í þeirri þingsályktunartillögu, sem hér um ræðir, er tekið á þrem afmörkuðum þáttum lífeyrismála sem flm. telja að hægt væri að ná samstöðu um á Alþingi og við lífeyrissjóðina, þó að niðurstaða hafi ekki fengist um heppilega framtíðarlausn alls lífeyrisréttindakerfisins. Með þessu móti yrðu sniðnir af augljósir gallar og raunar óþolandi misrétti sem er í lífeyriskerfinu.

Þeir ágallar lífeyrisréttindakerfisins, sem hér er gerð tillaga um lagfæringu á, snerta makalífeyri og réttindi fráskilinna og heimavinnandi fólks.

Í fyrsta lagi er lagt til að komið verði á samræmdum ákvæðum allra lífeyrissjóða um makalífeyri á þann hátt að bæði kynin njóti sambærilegra réttinda til makalífeyris.

Nokkuð er mismunandi hjá lífeyrissjóðunum hver makalífeyririnn er og hvort greiddur er gagnkvæmur makalífeyrir hjá hinum einstöku sjóðum. Einkum eru það lífeyrissjóðir innan Sambands almennra lífeyrissjóða sem ekki greiða gagnkvæman makalífeyri, að Lífeyrissjóði Starfsmannafélagsins Sóknar undanskildum.

Í samræmdri reglugerð fyrir SAL-sjóðina eru ákvæðin um makalífeyri þannig að ef sjóðfélagi, sem naut elli- og örorkulífeyris eða hafði greitt í sjóðinn a. m. k. í 6 mánuði undanfarandi 12 mánuði, lætur eftir sig ekkju á hún rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hún verið orðin 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagsins, hjónabandið hafi staðið a. m. k. í 5 ár og verið stofnað áður en sjóðfélagi varð 60 ára að aldri. Ef um er að ræða að sjóðfélagi láti eftir sig barn innan 8 ára aldurs hefur lengd hjúskapartímans ekki áhrif.

Öðru máli gegnir um ekkjana og er langt frá því að þeir njóti sömu réttinda. Við fráfall eiginkonu fær maki aðeins greiddan makalífeyri í 2 ár samkvæmt reglugerðarákvæðum SAL-sjóðanna, án tillits til þess hversu lengi sem hún hefur verið á vinnumarkaðinum og greitt lengi iðgjald. Þó er heimildarákvæði um að greiða ekkli makalífeyri allt að þeim lífeyri sem ekkja ætti rétt á ef ekill hefur skerta starfsorku eða hinn látni sjóðfélagi taldist aðalfyrirvinna heimilisins.

Iðgjöld og réttindi eiginkonu eru því lítils metin gagnvart eftirlifandi maka, en það leiðir til þess að ekkjar hafa verulega skertan makalífeyri. Þetta er auðvitað allsendis óviðunandi því að grundvallaratriði í lífeyrismálum hjóna, sem og öðrum réttindamálum í þjóðfélaginu, jafnt á vinnustað sem annars staðar, er að bæði kynin njóti að öðru jöfnu sambærilegs réttar.

Þegar þróunin er orðin sú að báðir foreldrar þurfa að vera úti á vinnumarkaðinum, — oft og tíðum til að hægt sé að standa undir allra brýnustu nauðpurftum, — er ljóst að við fráfall annars makans leggst framfærsla heimilisins með tvöföldum þunga á eftirlifandi maka, hvort sem það er karl eða kona.

Sömu rök gilda gagnvart því ákvæði þessarar þingsályktunartillögu að leiðrétta ótrygga stöðu heimavinnandi foreldra.

Á 34. þingi A.S.Í. 1980 var samþykkt ályktun um að skora á alla lífeyrissjóði að breyta reglugerðum sínum á þann veg, að réttur til makalífeyris væri gagnkvæmur, og afnema það misrétti sem felst í núverandi löggjöf.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu taka eindregið undir þessa kröfu A.S.Í.-þings. Með samþykkt tillögunnar mundu stjórnvöld leggja sitt af mörkum til að knýja á um að reglugerðarákvæðum þeirra lífeyrissjóða, sem þegar búa við kyngreindan makalífeyri, verði breytt þannig að bæði kynin hafi sömu réttindi hjá öllum starfandi lífeyrissjóðum.

Í öðru lagi er kveðið á um hvernig fara eigi með lífeyrisgreiðslur hjóna og sambúðarfólks, þannig að fráskildir og heimavinnandi fari ekki varhluta af áunnum lífeyri.

Þeir sem eru heimavinnandi, en það eru einkum konur enn sem komið er, og hafa ekki verið á vinnumarkaðinum, eða aðeins um mjög skamman tíma, búa við mikla óvissu og öryggisleysi varðandi lífeyrisgreiðslur.

Staðan er nú þannig að í skilnaðarmálum er sá aðili, sem ekki hefur verið á vinnumarkaðinum, réttindalaus. Fráskilan kona hefur t. a. m. engan rétt og á enga kröfu til lífeyris fyrir sig frá lífeyrissjóðunum við fráfall mannsins. Kona, sem þannig er ástatt um, á aðeins rétt á lífeyri almannatrygginga. Hjá hinu opinbera er réttindastaða slíkra kvenna þó nokkru betri að því er makalífeyri varðar, því að ef sjóðfélagi, sem verið hefur tvígiftur, deyr, skiptist makalífeyririnn milli beggja kvenna í beinu hlutfalli við þann tíma sem hvor um sig hefur verið gift hinum látna sjóðfélagi meðan hann ávann sér lífeyrisréttindin.

Hér er auðvitað um óþolandi og fráleitt misrétti að ræða og því er lagt til að í samráði við lífeyrissjóðina beiti stjórnvöld sér fyrir því að bæði kynin njóti sambærilegra lífeyrisréttinda þó að annar aðillinn sé heimavinnandi. Vitna má í þessu sambandi til ályktunar ASÍ-þings, en þar segir svo:

„Þess verði gætt að jöfnuður sé á milli lífeyrisréttinda hjóna eða sambúðarfólks, án tillits til þess hvort aflar réttindanna.“

Það er skoðun flm. að hér sé um svo eðlilega kröfu að ræða og svo sjálfsagt réttindamál að löggjafarvaldið geti ekki hjá því komist að beita sér fyrir því að umsvifalaust verði tekið á þessu máli.

Í lögum um skráningu lífeyrisréttinda, 6. gr., er eftirfarandi ákvæði: „Lífeyrisskráin skal veita upplýsingar um greiðslur iðgjalda og lífeyrisréttinda. Þá skal skráin gefin út árlega yfirlit um lífeyrisréttindi og iðgjaldagreiðslur landsmanna.“ — Lög þessi voru samþykkt 1980, en samkvæmt upplýsingum, sem flm. þessa frumvarps hafa aflað sér, munu enn líða nokkur ár þar til umrætt yfirlit um lífeyrisréttindi verður gefið út. Einnig er nokkuð ljóst að samkvæmt þessum lögum verður um eina heildarskrá að ræða yfir öll lífeyrisréttindi landsmanna, en ekki er gert ráð fyrir að hver sjóðfélagi, sem einhver lífeyrisréttindi á hjá einum eða fleiri lífeyrissjóðum, fái árlega sent yfirlit yfir áunninn rétt sinn hjá lífeyrissjóðunum eins og þessi þingsályktunartillaga kveður á um.

Á því er mikill munur hvort um eina heildarskrá er að ræða til afnota fyrir lífeyrissjóðina eða hvort hver og einn sjóðfélagi fær sjálfkrafa sent yfirlit um stöðu sína án þess að þurfa sérstaklega að leita eftir því. Það fyrirkomulag að senda hverjum og einum sjóðfélagi árlegt yfirlit er nauðsynlegt til þess að sjóðfélagar séu vakandi um rétt sinn og hugi frekar að því að gera ráðstafanir sem tryggja þeim viðunandi lífsviðurværi á elliárunum.

Flm. er kunnugt að nokkrir lífeyrissjóðir innan vébanda Sambands almennra lífeyrissjóða hafa þegar komið á því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til, og sent hverjum sjóðfélagi yfirlit. Er það til fyrirmyndar og hefur mælst vel fyrir og borið góðan árangur. — Þar sem þegar er vitað að nokkur ár tekur að safna saman á einn stað lífeyrisréttindum úr öllum sjóðunum er nauðsynlegt að þegar í stað verði gerðar ráðstafanir til þess að komið verði á samræmdum ákvæðum hjá öllum lífeyrissjóðum. Þá yrði um það að ræða að hver og einn sjóður hefði þessa skyldu, ef við yrði komið, a. m. k. þangað til skrásetningu lífeyrisréttinda hjá öllum sjóðum er að fullu lokið.

Það er ljóst að þó að heildarskrásetning taki nokkur ár gætu margir sjóðir verið tilbúnir að veita sjóðfélögum þessa sjálfsögðu þjónustu mun fyrr, en það er einmitt tilgangur þess ákvæðis tillögunnar, sem að þessu lýtur, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, í samráði við lífeyrissjóðina, að svo skuli gert. Einnig skal á það bent hér að nauðsynlegt er að hyggja að því hvort 6. gr. laga um skráningu lífeyrisréttinda tryggi að hverjum sjóðfélagi verði árlega sent yfirlit þegar heildarskráning réttinda liggur fyrir. Sé svo ekki verður að taka af um það öll tvímæli í lögum um skráningu lífeyrisréttinda.

Til þess að gefa vísbendingu um, hvað hér er brýnt mál á ferðinni, má benda á að í nafnaskrá lífeyrissjóða frá 6. ágúst 1982, sem fjármálaráðuneytið lét gera, kemur fram að sami maður getur átt réttindi í allt að 13 lífeyrissjóðum. Því er ljóst að fólk á erfitt með, og reyndar næsta útilokað, að átta sig á réttindum sínum þegar um er að ræða réttindi hjá fleiri en einum lífeyrissjóði. Ekki síst er þetta erfitt þar sem réttindagreiðslur eru mjög misjafnar hjá sjóðunum.

Afskipti stjórnvalda af starfsemi lífeyrissjóða hafa til þessa falist í því að reglugerðir sjóðanna hafa verið sendar fjármálaráðuneytinu til staðfestingar, en það mun gert á grundvelli ákvæða D-liðs 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ekki er því óeðlilegt að þessi leið verði nú valin meðan ekki hefur náðst eining um framtíðarskipan lífeyrismála eða lagasetningu þar að lútandi. En lagt er til að fjármálaráðherra beiti sér fyrir því, í samráði við lífeyrissjóðina, að þessir ágallar lífeyrisréttindakerfisins verði nú þegar leiðréttir sérstaklega, þ. e. þeir sem snerta makalífeyri og réttindaleyfi þeirra sem eru heimavinnandi, auk þess sem samræmdar reglur verði settar í reglugerðir lífeyrissjóða um aukna upplýsingaskyldu til sjóðfélaga. Samþykkt þessarar tillögu, — þar sem fram kæmi vilji löggjafarvaldsins í þessu efni, — gæti stuðlað að því að svo verði gert.